

## Svar

forsætisráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar um nefndir og ráð á vegum ríkisins.

1. Hversu margar nefndir og ráð voru starfandi á vegum ríkisins árið 2009, sundurliðuð eftir ráðuneytum?
2. Hvert var kynjahlutfallið, sundurliðað eftir ráðuneytum?
3. Hversu mikill kostnaður, annar en launakostnaður, hlaust af starfseminni, sundurliðaður eftir ráðuneytum?
4. Hversu mikill launakostnaður hlaust af starfseminni, sundurliðaður eftir ráðuneytum?

Forsætisráðuneytið hefur safnað saman svörum við 1.–4. tölul. frá öllum ráðuneytum og sett í töflu:

Ráðuneyti	Fjöldi nefnda og ráða 2009	Kynjahlutfall		Annar kostnaður en laun	Launa-kostnaður (Nefndalaun)	Tekjur
		Fjöldi karla	Fjöldi kvenna			
Forsætisráðuneyti*	46	176	134	141.287.129	10.058.567	
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	230	625	421	5.100.000	106.400.000	
Utánríkisráðuneyti	19	172	108	3.457.476	–	
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	27	133	45	1.540.492	–	
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	29	65	25	46.359.191	54.482.590	48.080.260
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	83	233	238	24.428.760	78.984.213	
Heilbrigðisráðuneyti	83	222	203	89.237.266	45.805.766	
Fjármálaráðuneyti**	43	132	71	108.823.377	66.549.308	
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	24	98	45	1.809.383	15.018.269	
Iðnaðarráðuneyti	16	68	44	695.109	11.881.356	
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	40	100	62	3.225.047	60.416.284	
Umhverfisráðuneyti	60	206	129	1.794.713	11.081.268	
<b>Samtals</b>	<b>700</b>	<b>2.230</b>	<b>1.525</b>	<b>427.757.943</b>	<b>460.677.621</b>	<b>48.080.260</b>
		59%	41%			

\* Í fjárhæðum fyrir árið 2009 er kostnaður vegna nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn og vegna óbyggðanefndar samtals að fjárhæð 113.885.000 kr., þar af eru launagreiðslur 4.776.343 kr.

\*\* Í fjárhæðum fyrir árið 2009 er kostnaður vegna Icesave, 53.863.397 kr., þar af eru launagreiðslur 3.545.217 kr.

Til samanburðar óskaði ráðuneytið jafnframt eftir upplýsingum vegna ársins 2008:

Ráðuneyti	Fjöldi nefnda og ráða 2008	Kynjahlutfall		Annar kostnaður en laun	Launa-kostnaður (Nefndalaun)	Tekjur
		Fjöldi karla	Fjöldi kvenna			
Forsætisráðuneyti*	39	168	73	174.396.077	21.023.257	
Mennta- og menningarmálaráðuneyti	243	620	411	5.300.000	104.100.000	
Utánríkisráðuneyti	13	78	43	3.579.242	10.942.632	
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	21	103	34	1.407.319	–	
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti	26	55	21	41.275.523	46.356.703	36.380.394
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	83	233	231	33.422.824	85.122.161	

	Fjöldi nefnda og ráða 2008	Kynjahlutfall		Annar kostnaður en laun	Launa-kostnaður (Nefndalaun)	Tekjur
		Fjöldi karla	Fjöldi kvenna			
Ráðuneyti						
Heilbrigðisráðuneyti	89	254	228	88.685.263	75.857.088	
Fjármálaráðuneyti	40	115	51	58.317.387	64.757.626	
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	23	107	31	1.475.655	15.804.222	
Iðnaðarráðuneyti	19	71	38	1.220.247	13.754.725	
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti	37	103	58	635.338	56.513.377	
Umhverfissráðuneyti	63	228	117	3.675.945	8.188.207	
<b>Samtals</b>	<b>696</b>	<b>2.135</b>	<b>1.336</b>	<b>413.390.820</b>	<b>502.419.998</b>	<b>36.380.394</b>
		62%	38%			

\* Í fjárhæðum fyrir á árið 2008 er kostnaður vegna nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn og vegna óbyggðanefndar samtals að fjárhæð 122.247.242 kr., þar af eru launagreiðslur 9.510.445 kr.

##### 5. Hefur ríkisstjórnin mótað stefnu um einfaldara og ódýrara stjórnkerfi með fækkun nefnda og ráða?

Ríkisstjórnin hefur í aðgerðum sínum beitt sér af krafti í margvíslegum umbótum varðandi ríkisfjármálin og stjórnkerfið í heild sinni. Í því samhengi er bent á umfjöllun um stefnumörkun á sviði ríkisfjármála og stjórnkerfisumbóta í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá síðasta ári, sem og er vakin athygli á skýrslu fjármálaráðherra sem lögð var fyrir Alþingi á síðastliðnu sumri um áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009–2013. Þar er lögð til áætlun um lækkun ríkisútgjalda og aukna tekjuöflun og við það miðað að jafnvægi náist í ríkisfjármálum eigi síðar en árið 2013. Ríkisstjórnin vinnur að umtalsverðum stjórnkerfisbreytingum og umbótum í því skyni að gera þjónustu ríkisins við almenning og atvinnulíf eins góða og kostur er með þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru hverju sinni. Eitt af markmiðum slíkra aðgerða er að einfalda stjórnkerfið og um leið leggja áherslu á skilvirkni og hagræðingu í ríkisrekstrinum. Má þar nefna til að mynda umbætur í stofnanakerfinu og áform um sameiningu og fækkun stofnana auk þess sem lögð er til fækkun ráðuneyta í áföngum úr tólf í níu á kjörtímabilinu. Efnt var til viðtæks sparnaðarátaks í ríkiskerfinu öllu, með þátttöku starfsmanna og stjórnenda og stendur það verkefni enn yfir. Sett var á fót sparnaðarteymi, sem vinnur með öllum ráðuneytum og undirstofnunum að hagræðingaraðgerðum, jafnt innan einstakra stofnana og með tilfærslu verkefna milli stofnana og þvert á ábyrgðarsvið ráðuneyta. Að teknu tilliti til framangreinds er ljóst að unnið er markvisst að hagræðingu í ríkisrekstrinum í heild sinni og áhersla lögð á að gætt verði ýtrasta aðhalds í rekstri ríkisins, þar á meðal hefur viðmiðunarreglum um fyrirkomulag greiðslna fyrir störf í stjórnnum, ráðum, nefndum og starfshópum verið breytt á síðasta ári með það að markmiði að draga úr slíkum kostnaði í ríkiskerfinu og er hér um að ræða einn þátt af fjölmörgum í viðamiklum sparnaðaraðgerðum. Það er á hinn bóginn ekki stefna ríkisstjórnarinnar í sjálfu sér að fækka nefndum og ráðum nema þar sem slíkt er talið skynsamlegt og hagkvæmt, m.a. með hliðsjón af áherslu ríkisstjórnarinnar á aukið samráð og samstarf milli ráðuneyta, stofnana og hagsmunaaðila á ýmsum sviðum og með þátttöku utan- aðkomandi sérfræðinga eftir þörfum.